







SVIÐIN OG LITIR

ÞEIRRA

	Fjármála- og rekstrarsvið
	Umhverfis- og skipulagssvið
	Fræðslusvið
	Menningar-, íþróttá- og tómstundasvið
	Fjölskyldu- og félagsþjónusta
	Atvinnu- og hafnarsvið

Efnisyfirlit

Bókhald	2
Fjármál.....	2
Fjárhagsáætlun.....	3
Innheimta.....	3
Innkaup.....	3
Starfsmannamál.....	4
Launa- og kjaramál	4
Símenntun og starfspróun	4
Upplýsingagjöf um verkferli og stuðningur við stjórnendur	5
Önnur starfsmannamál.....	5
Upplýsinga- og tölvumál	5
Netkerfi Reykjanesbæjar	6
Tölvu- og hugbúnaðarkaup.....	6
Kynningarmál.....	7
Mitt Reykjanes.....	8
reykjanesbæjar.is/upplýsingavefur.....	8

Bókhald

Markmið.

Að hafa frumkvæði að því að innleiða hjá Reykjanesbæ nýjustu og bestu vinnubrögð í bókhaldi, reikningsskilum og innra eftirliti og að veita viðskiptavinum bókhalds ávallt eins góða þjónustu og kostur er.

Hlutverk

Hlutverk bókhalds er að færa og hafa yfirumsjón með fjárhagsbókhaldi og reikningsskilum til endurskoðanda. Deildin hefur bæði umsjón með og sér um ákveðnar verklagsreglur í tengslum við bókhald og innra eftirlit.

Helstu verkefni

Bókhaldsdeildin ber ábyrgð á fjárhagsbókhaldi bæjarins þ.m.t. færslu bókhalds, gerð virðisaukaskattskýrslna, staðgreiðsluskilagreina í samvinnu við launadeild og útgáfu launamiða vegna annars en hefðbundinna launagreiðslna, ásamt því að sjá um að gera heildarlaunaframtöl fyrir bæinn. Deildin sér einnig alfarið um bókhald fyrir Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. sem leigir út um 260 íbúðir og er einnig með bókhald fyrir Reykjaneshöfn. Deildin sér einnig alfarið um skuldabréfakerfið, skráningu á nýjum lánnum og öllu eftirliti með lánnum bæjarsjóðs, Fasteigna Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar.

Verkefni ársins 2006

Fyrirséð verkefni eru með hefðbundnu sniði, en snemma árs mun ný uppfærsla á Navision bókhaldskerfinu verða innleidd.

Útlitsbreyting verður töluverð fyrir notendur kerfisins, ásamt því að rafræn skönnun reikninga í uppáskriftarkerfinu verður bætt til muna.

Gera þarf notendur uppáskriftarkerfisins meðvitaðri um að skoða það daglega og samþykkja reikninga eins fljótt og hægt er, til að allar stöðutölur bókhalds séu sem nákvæmastar.

Lögð verður áhersla á að ársreikningar 2005 verði tilbúnir svo fljótt sem auðið er, sérstaklega þar sem árið 2006 er kosningarár.

Fjármál

Fjármálastjórn sveitarfélagsins á að tryggja að meðferð fjármuna sé í samræmi við heildarhagsmunum þess. Unnið er útfrá aðferðum sem hvetja til skynsamlegrar ráðstöfunar fjármuna og tryggja að ákvörðunum bæjaryfirvalda sé fylgt eftir.

Helstu verkefni:

- Fjármálastjórn bæjarsjóðs og tengdra stofnana. Eftirlit með tekjum og útgjöldum bæjarsjóðs, umsjón með lána- og sjóðastýringu. Leitað leiða til að bæta verklag og auka hagræði í rekstri.
- Hafa yfirumsjón með og stýra vinnu við fjárhagsáætlun og eftirfylgni, frávikagreiningu frá fjárhagsáætlun og kostnaðargreiningu.
- Veita ráðum, þ.m.t. bæjarráði ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar.

- Veita ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri.
- Yfirumsjón með fjárreiðum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningastofni fasteignagjalda og álagningu þeirra.
- Utanumhald íbúaskrár og spár um íbúa- og hagþróun í bænum.
- Samræma og leita leiða til að hagræða í innkaupum fyrir stofnanir bæjarins.

Fjárhagsáætlun

Undanfarin ár hefur fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar verið rammaáætlun þar sem málaflokkum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur stofnana hafi bestu forsendur til að ákvarða forgangsröðun og því æskilegt að ákvarðanatataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka. Verklagsreglur fjárhagsáætlunar verða endurskoðaðar á árinu í ljósi reynslu síðustu tveggja ára.

Stefnt er að því að breyta fyrirkomulagi endurskoðunar fjárhagsáætlunar þannig að áætlunin nýtist betur sem stjórnæki. Þetta verður gert með því að nota útgönguspár sem verða uppfærðar reglulega í Gagnaverinu. Samþykktir bæjarráðs fara jafnóðum inn og þær koma úr bæjarráði. Breytingar ársins verða eftir sem áður samþykktar við afgreiðslu endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar eins og lög gera ráð fyrir.

Haldið verður áfram vinnu við að auka notkun staðla við fjárhagsáætlunargerð. Þessi vinna er langt komin fyrir stofnanir fræðsluviðs þar sem notkun staðla hefur gefist vel og þykir tryggja samræmi á milli stofnana.

Eftirfylgni með fjárhagsáætlun verður markvissari á árinu. Stefnt er að því, í samvinnu við bókhald, að klára innleiðingu Gagnaversins þannig að þeir möguleikar sem kerfið býður uppá séu nýttir til fullnustu. Gert var 8 mánaða uppgjör í fyrsta sinn á árinu 2005 og stefnt er að því að svo verði einnig 2006. Í samvinnu við starfsþróun verður tekin staða á launum og launaáætlun endurskoðuð í hverri stofnun 3-4 sinnum á ári.

Innheimta

Samstarf við Intrum á Íslandi er komið í fastar skorður og innheimta gengur vel. Mæling árangurs í innheimtu er orðin auðveldari og núverandi fyrirkomulag verður tekið til skoðunar í upphafi árs.

Í samvinnu við USK stendur nú yfir endurskoðun á fyrirkomulagi gatnagerðagjalda. Reikningar eru komnir í greiðsluseðlaform og framvegis verður það ekki á hendi bæjarsjóðs að lána fyrir gatnagerðargjöldum. Stefnt er að því að skerpa á því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í gjaldskrá gatnagerðagjalda.

Innkaup

Leiðarljós Reykjanesbæjar í innkaupamálum, er að gætt sé hagkvæmni í faglegum innkaupum á vöru, þjónustu og framkvæmdum og að öll innkaup séu í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og sérstakar samþykktir bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.

Innkaupastefna Reykjanesbæjar er tilbúin og verður lögð fyrir í upphafi árs.

Stefnt verði að því að vera í fararbroddi í innleiðingu vistvænna innkaupa. Vörur sem hafa verið vottaðar sem umhverfisvænar skulu hafa forgang umfram aðrar að teknu tilliti til verðs og gæða. Hér ber að taka tillit til endingar vörunnar og þess kostnaðar sem fellur til á líftíma vöru

Leita verður leiða til að hagræða í innkaupum.

Starfsmannamál

Starfsmannabjónusta Reykjanesbæjar samanstendur af starfsþróun, launadeild, móttöku og símaafgreiðslu að Tjarnargötu 12 og í Kjarna auk mötuneyta T12 og Kjarna. Markmiðið er að veita stofnunum og starfsfólki Reykjanesbæjar sem besta þjónustu og stuðning á sviði starfsmannamála og ná verkefnin yfir vítt svið.

Launa- og kjaramál

Innleiðing nýrra kjarasamninga heldur áfram í byrjun árs en ekki hefur verið lokið við samninga BHM félaga þegar þetta er skrifað um áramót. Áfram verður unnið að starfsmati STFS og VSK í samstarfi við LN.

Innleiðing Navision launakerfis heldur áfram og öryggi, nákvæmni og hagræðing við keyrslu launa höfð í fyrirrúmi. Einnig verður unnið að rafvæðingu launaseðla og öll skráningarvinna lágörkuð með aðstoð tækninnar.

Eftirfylgni launaáætlunar og stöðugildaþróunar verður stöðug. Lagt verður til að endurskoðun launaáætlunar verði tekin til umræðu oft en einu sinni á ári þar sem um er að ræða einn stærsta kostnaðarlið í rekstri sveitarfélagsins og áhrif nýrra kjarasamninga eða viðbótarstöðugilda vegna sérstakra aðstæðna eru að koma í ljós nánast í hverjum mánuði. Þetta er í samræmi við áherslu fjármáladeildar sem gerir ráð fyrir að samþykktir bæjarráðs komi inn í áætlun um leið og þær eru samþykktar.

Á árinu 2005 hófst umfangsmikil vinna við öflun upplýsinga sem notaðar verða við framkvæmd jafnréttislaunakönnunar. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið um miðjan janúar og að niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir á vormánuðum.

Símenntun og starfsþróun

Hlutverk starfsmannabjónustu vegna símenntunar starfsfólks er upplýsingagjöf og aðstoð við stofnanir sem til hennar leita. Samstarfi við MSS verður haldið áfram en í gangi er dagskrá námskeiða sem unnin var í samstarfi MSS og sveitarfélaganna á Suðurnesjum á sl. ári og nær til flestra starfsstétta ófaglærðra hjá Reykjanesbæ. Einnig munum við vera vakandi fyrir áhugaverðum námskeiðum sem bjóða má upp á innan Reykjanesbæjar. Lögð verður áhersla á að starfsfólk Reykjanesbæjar eigi þess kost að flytjast til í starfi innan eða á milli stofnana sveitarfélagsins og er þannig skapaður vettvangur fyrir möguleika á starfsþróun til viðbótar við símenntun og aukin verkefni.

Hafist verður handa við markvissa móttöku nýrra starfsmanna allra stofnana Reykjanesbæjar og nýjum starfsmönnum boðið á stuttan fræðslufund og kynningu á sviðum Reykjanesbæjar. Farið verður yfir starfsemi hvers sviðs, launa- og kjaramál og fleiri þætti sem tengjast starfi hjá sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að fyrsti fundurinn

verði haldinn í byrjun febrúar og í framhaldinu verði nýjum starfsmönnum boðið á slíkan fund innan fjögurra til sex mánaða eftir að þeir hófu störf sé næg þátttaka.

Starfslokánámskeið verður í boði í apríl/maí fyrir þá starfsmenn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir næstu 3 árin. Á námskeiðinu verður boðið upp á fyrirlestra sem eiga að undirbúa starfsfólk undir nýjan kafla í lífinu sem oft hefst við starfslok. Markmiðið er að hlúa vel að og þakka því starfsfólki vel unnin störf á þessum tímamótum. Námskeið sem þetta hefur verið haldið einu sinni áður, að vori 2003 og mælst mjög vel fyrir og var ákveðið að endurtaka það á árinu 2006.

Stjórnendadagurinn verður enn við lýði í haust og markmiðið að virkja sem flesta stjórnendur til þátttöku. Mikilvægi dagsins liggur ekki síst í því að saman komi stjórnendur stofnana sem fá faglega yfirferð á málefnum sem þá snerta. Hópefli og samvinna er mikilvægur þáttur í eflingu stjórnenda innan sömu skipulagsheildar og því verður mælst til að sem flestir stjórnendur taki virkan þátt í þeirri dagskrá sem boðið verður upp á, á stjórnendadeginum.

Upplýsingagjöf um verkferli og stuðningur við stjórnendur

Upplýsingagjöf til stjórnenda verður í fyrirrími á árinu. Mikilvægt er að tryggja að nýtt verklag launadeildar skili sér með skýrum hætti til stofnana þ.a. það nái fram að ganga. Að auki þarf að auka skrifleg samskipti á milli starfsmannabjónustu og stofnana, sér í lagi hvað varðar starfslok og aðrar breytingar þ.a. það sé hægt að ganga að undirrituðum skjölum í gögnum hvers starfsmanns.

Forstöðumannafundir verða haldnir tvisvar á árinu í samstarfi allra deilda FJÁR. Markmiðið er að skapa vettvang til upplýsingagjafar og skoðanaskipta þannig að samstarf megi áfram vera með sem bestum hætti.

Önnur starfsmannamál

Nýráðningar og starfslok verða enn frekar fest í sessi og samræmi á milli móttöku og starfsloka starfsfólks á milli stofnana tryggt þannig að fagleg ásýnd Reykjanesbæjar sem vinnuveitanda sé tryggð.

Stuðningur við stofnanir í erfiðum starfsmannamálum verður áfram þróaður og leiðað verður leiða til að lágmarka neikvæða starfsmannaveltu og auka stöðugleika í starfsemi stofnana.

Reykjanesbær hefur yfir að ráða rafrænu kannanaforriti sem nýst hefur vel. Starfsánægjukannanir og þjónustukannanir verða lagðar fyrir á árinu með það fyrir augum að efla enn frekar innra starf FJÁR og annarra sviða og stofnana. Boðið verður upp á gerð starfsánægjukönnunar á meðal starfsfólks stofnana og þá skoðuð hver stofnun fyrir sig. Í framhaldinu verða leiðir til aukinnar starfsánægju skoðaðar og eftirfylgni höfð með þróun starfsánægju.

Upplýsinga- og tölvumál

Upplýsingatæknideild þjónar öllum stofnunum Reykjanesbæjar. Starfsemin felst í umsjón tölvukerfa, þjálfun og kennslu, öryggi gagna og uppsetningu vél- og hugbúnaðar.

Einnig hefur þjónusta vegna símamála aukist þar sem bilið milli tölvu- og síma er sífellt að minnka.

Netkerfi Reykjanesbæjar

Komið verði á netaðgangi, sameiginlegu neti, allra stærri stofnana, grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og þjónustumiðstöðvar. Samband milli Kjarna og Tjarnargötu 12 verður stækkað um helming. Vegna flutninga verður komið á beinu sambandi milli Vatnsness og Tjarnargötu 12/Kjarna til að tryggja gott samband. Í framhaldi af því verður gerð úttekt á alhliða netöryggi.

Viðskiptamannalisti

Með tilkomu GoPro og Landupplýsingakerfis er nauðsynlegt að koma upp einum miðlægum viðskiptamannalista sem tengdur er við þjóðskrá en hann mun nýtast öllum kerfum Reykjanesbæjar.

Tölvu- og hugbúnaðarkaup

Tölvudeild gerir árlega úttekt á öllum tölvum stofnana Reykjanesbæjar, svo og á hugbúnaði. Metur hvenær rétt er að skipta yfir í nýjar hugbúnaðarútgáfur, en stefnan hefur verið að vera ekki með allra nýjasta hugbúnaðinn hverju sinni, taka ekki upp nýjar útgáfur fyrr en þær eru farnar að virka vel. Þá höfum við lagt ríka áherslu á að allur hugbúnaður sé löglegur og þurfa starfsmenn tölvudeildar að gera átak í að koma skráningarmálum í betra horf. Heildar tölvugildi eru 476 og er gert ráð fyrir að kaupa um 100 tölvur í ár.

Mitt Reykjanes

Innleiðingu á íbúavefnum Mitt Reykjanes verður lokið á árinu og kerfið tekið í notkun. Unnið í samvinnu við Kynningardeild, Hugvit og þekkingu.

Upplýsingastefna

Drög að upplýsingastefnu Reykjanesbæjar liggja fyrir og verður hún lögð fram til samþykktar bæjarstjórnar að lokinni endurskoðun. Unnið í samvinnu við Kynningardeild.

Fundir með tölvuumsjónarmönnum stofnana

Vinnu- og samræmingarfundir sem haldnir hafa verið reglulega með tölvuumsjónarmönnum stofnana verði eflidir verulega. Einnig verður fræðsluþátturinn aukinn.

Myndabanki

Með tilkomu stafrænna myndavéla og skönnunar á eldri myndum hefur orðið til þörf fyrir breytt skipulag á geymslu þessara gagna. Settur verður upp myndabanki með vefaðgangi sem gerir starfsmönnum Reykjanesbæjar auðveldar að vista og nálgast myndir á skipulagðan hátt. Unnið í samvinnu við Byggðasafn og Kynningardeild.

Bókhalds- og launakerfi

Áætlað er að uppfæra bókhalds- og launakerfi í byrjun febrúar nk. í útgáfu 4.0. Uppfærslan mun hafa nokkra breytingu í för með sér og kalla á endurþjálfun þeirra starfsmanna sem við þessi kerfi vinna. Einnig verður tekið í notkun nýtt uppáskriftakerfi með nýjum möguleikum sem þarf að kynna víðeigandi starfsmönnum. Úttekt verður gerð á Gagnaverinu og því komið í það form að það nýtist sem stöðtæki fyrir starfsmenn.

Lotus Domino, Notes

Haldið verður áfram þróun Domino kerfisins og unnið að frekari möguleikum þess að stofnanir geti nýtt sér þau kerfi sem þar eru. Miðlarar verða uppfærðir í útgáfu 7.0 og GoPro í útgáfu 4.1.2. Í framhaldi af því verður farið í að upplýsa starfsmenn um nýjungar í GoPro og Lotus Notes og þau kerfi sem í boði eru. Unnið í samvinnu við Kynningardeild.

Síma- og öryggiskerfi

Árið 2005 var gerð tilraun til að tengja Akurskóla við símakerfi Reykjanesbæjar í gegnum netkerfi. Þessi tilraun virðist gefa góða raun og í framhaldi verður farið í gerð heildarúttektar á símakerfum allra stofnanna og úttekt á öryggiskerfum. Markmiðið er að finna leiðir til sparnaðar og að nýta þessi kerfi betur.

Fræðsla

Miklar breytingar hafa orðið á hugbúnaði sem starfsmenn Reykjanesbæjar nota á undanförunum árum og er því orðið brýnt að kynna og fræða starfsmenn um þá möguleika sem í búnaðinum býr og hvernig megi sem best notfæra sér hann.

Netstýrikerfi

Árið 2004 var unnið að breytingum á netstýrikerfi Bæjarskrifstofa að Tjarnargötu 12 til einföldunar og verður þeirri vinnu haldið áfram og farið yfir öll öryggismál.

Innri vefur

Gagnaver býður upp á möguleika á innri vef fyrri starfsmenn og verður hann kannaður nánar. Unnið í samvinnu við Kynningardeild.

Pappírslaust

Undanfarin ár hefur verið rætt um að koma á pappírslausum samskiptum í vinnuumhverfi Reykjanesbæjar. Frekar verður unnið að rafrænni skráningu og flutningi gagna á árinu.

Kynningarmál**Markmið og hlutverk**

- Að gera upplýsingar um starfsemi bæjarfélagsins aðgengilegar fyrir íbúa og aðra sem þurfa á þeim að halda.
- Að gera notendum þjónustu Reykjanesbæjar kleift að sinna erindum sínum á sem auðveldastan hátt bæði með útgáfu kynningarefnis og rafrænni þjónustu.
- Að gefa íbúum og notendum þjónustu færi á að taka þátt í stefnumótun og hafa áhrif á ákvarðanir er snúa að þjónustu bæjarfélagsins.
- Að stuðla að sterkri og jákvæðri ímynd bæjarfélagsins á meðal íbúa og viðskiptavina.
- Að samræma erindi og afgreiðslu þeirra.

Mitt Reykjanes

Mitt Reykjanes, gagnvirkur stjórnsýsluvefur, verður tekinn í notkun á árinu í samvinnu við upplýsinga- og tölvudeild.

reykjanesbæjar.is/upplýsingavefur

Áfram verður haldið með þróun upplýsingavefs Reykjanesbæjar með það að markmiði að auðvelda íbúum bæjarfélagsins aðgengi að upplýsingum um starfsemi þess, þátttöku í mótun og ákvarðanatöku og bjóða rafræn gagnvirk samskipti þegar það er hægt.

Stefnt er að því að auka hlut starfsmanna sviða í uppfærslu á efni vefjarins.

- **Aðgangur fyrir fatlaða:** Áfram verður haldið með vottun um aðgengi fyrir fatlaða á vef Reykjanesbæjar með vottun 2 í samvinnu við Sjá ehf.
- **Frá vöggum til grafar** – undirvefur sem er fyrst og fremst upplýsingavefur fyrir nýja íbúa bæjarfélagsins verður settur í loftið.
- **Netsveit Reykjanesbæjar** – rafrænar kannanir meðal íbúa outcome hugbúnaðinum gerðar virkar.
- **Ráðgjöf**
- Kynningarstjóri mun áfram veita ráðgjöf og þjónustu við aðra vefi hjá stofnunum bæjarins.

Samræmt útlit - útgáfa

- Haldið verður áfram að útfæra samræmt útlit á upplýsingaefni Reykjanesbæjar víðar í starfsemi Reykjanesbæjar s.s. með merkingum stofnana, bæjarhluta og fl.

Önnur verkefni:

- Auglýsingar
- Samskipti við fjölmiðla
- Ráðgjöf og aðstoð vegna kynningar viðburða/verkefna
- Skýrslur: ársskýrsla og starfsáætlun
- Bréfsefni, nafnspjöld

Starfsáætlun Umhverfis- og skipulagssviðs

Efnisyfirlit

Inngangur	1
09 Skipulags- og byggingarmál	2
09 Skipulags- og byggingarmál	2
10 Umferðar- og samgöngumál.....	9
11 UMHVERFISMÁL.....	9
11. Umhverfismál.....	10
31 Eignasjóður.....	10
33 Þjónustumiðstöð / þjónustuborð / hverfisvinir.....	11
73 Fráveita	11
Framkvæmdaþing.....	12
Helstu framkvæmdir 2006	12



Inngangur

•	09	Skipulags- og byggingarmál	22.923.000
•	10	Umferðar- og samgöngumál	121.880.000
•	11	Umhverfismál	98.665.000
•	31	Eignasjóð	14.330.000
•	33	Þjónustumiðstöð / Þjónustuborð	51.417.000
•	73	Fráveitu	-85.048.000

Starfsmenn aðstoða ráð og nefndir bæjarins m.a. bæjarráð og umhverfis- og skipulagsráð sem fjalla um mál sem tengjast Umhverfis- og skipulagssviði.

Starfsmenn annast skipulagsgerð, áætlanagerð, undirbúning fram-kvæmda, funda, eftirlit og alla meðhöndlun uppdráttu sem varða byggingar og önnur mannvirki í bæjarfélaginu.

Með starfsemi Umhverfis- og skipulagssviðs er m.a. verið að tryggja eftirlit a gæðum verklegra framkvæmda þannig að fjármunir nýtist sem best.

Unnið verður áfram að gerð gæðahandbókar fyrir sviðið. Í handbókinni verða gátlistar og verklagsreglur fyrir helstu verk sem sviðið vinnur.



Skjalavarsla verður endurskipulögð og útboðsgögn og teikningar yfirfarin samkvæmt gæðahandbók. Sérstök áhersla verður lögð á umhverfis- og öryggismál varðandi allar framkvæmdir.

Áfram verður unnið að uppbyggingu landupplýsingakerfis í þá veru að auka vægi íbúavefs á upplýsingavef Reykjanesbæjar þannig að bæjarbúar og aðrir geti sótt þangað upplýsingar í auknu mæli.

Sú nýbreytni að safna saman í dagatal upplýsingar um þjónustu Reykjanesbæjar hefur mælst vel fyrir. Markmiðið er að veita bæjarbúum upplýsingar á hagnýtan hátt sem eru aðgengilegar út árið.

Framkvæmdaþing eru haldin árlega til að kynna helstu framkvæmdir ársins.

Þjónustumiðstöð/þjónustuborð/hverfisvinir hafa það megin hlutverk að hafa eftirlit með þjónustu í hverfum og taka á móti ábendingum frá íbúum á vettvangi og í síma **421 1552** um hvað má betur fara í umhverfinu.

Þjónustuborðið er opið allan sólarhringinn.

Rammaskipulag


22.923.000

Markmið rammaskipulagsins er að marka skýra stefnu og heildarsýn í uppbyggingu Reykjanesbæjar. Við rammaskipulagsvinnu er áhersla lögð á að undirstrika og efla sérstöðu bæjarins.

Rammaskipulag er ekki hluti af lögformlegu skipulagi, heldur tæki til að stýra deiliskipulagi á markvissan hátt. Þegar stórt svæði er skipulagt, er nauðsynlegt að sjá allt svæðið fyrir í heild sinni og í samhengi við eldri byggð, áður en hafist er handa við deiliskipulagningu og uppbyggingu.

Lokið er vinnu við rammaskipulag svæðis sem nær allt frá Helguvík í norðri og að landamærum Vatnsleysustrandarhrepps.

Í skipulagsvinnunni er farin leið sem byggir á lestri í byggð og land og túlkun á staðháttum, þ.e. landslagi byggðar-, búsetumynstri, veður- og gróðurfari ásamt kennileitum.



Til þess að þróa og endurnýja megi eldri bæjarhluta og reisa nýja byggð, sem er í samhljómi við umhverfi sitt og myndar eðlilegt framhald af núverandi byggð er eftirfarandi grundvallaratriði.

- Mótun bæjarrýmis / yfirbragð bæjarins
- Þétteiki / samsetning byggðar
- Umferð
- Umhverfismál

Helstu áherslur og sjónarmið:

- Bæjarrýmið í öndvegi
- Skýr heildarmynd, jafnt á uppbyggingarskeiði sem á seinni stigum
- Umhverfissjónarmið í hávegum

Aðalskipulag

Aðalskipulag er stefna bæjarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í bæjarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.



Bæjarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi bæjarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnar-tíðinda.


Endurskoða skal aðalskipulag á fjögurra ára fresti.

Samkvæmt stefnumótun var heildarendurskoðun aðalskipulags áætluð árið 2005. Horfið var frá þeirri framkvæmd þar sem rammaskipulagið gerði fyrrnefnda endurskoðun óþarfa.

Farin var sú leið að endurskoða þau svæði innan aðalskipulags sem til meðferðar voru á hverju tíma.

Þó er ljóst að gefa verður út heilstæða útgáfu með áorðnum breytingum á þessu ári.

Vinna er hafin við aðalskipulag sunnan Dalshverfis I, að Vogastapa, norðan Reykjanesbrautar. Sömulleiðis er hafin vinna við aðalskipulagningu svæðis sunnan Reykjanesbrautar.



Deiliskipulag

Þessi þáttur hefur verið fyrirferðarmikill í vinnu sviðsins með þátttöku metnaðarfullra arkitekta. Tekist hefur að móta það landslag sem við viljum sjá í skipulagsvinnu okkar til framtíðar.

Á þessu ári er áætlað að ljúka við deiliskipulagningu eftirtalinna svæða:

Ásahverfi



Deiliskipulag er í auglýsingu þar sem í boði eru 130 einbýlis-húsalóðir.

Úthlutun lóða fer fram í janúar og mun útboð vegna gatnagerðar mótast af eftirspurn en ætlað er að fyrstu lóðir verði byggingarhæfar í sumar.

Dalshverfi II

Deiliskipulag er í auglýsingu þar sem í boði eru lóðir af ýmsum gerðum fyrir um 460 íbúðir ásamt þjónustukjarna. Skipulag þetta nær að ungmimum þeim sem sjá má í formi steina og styttist nú leiðin á Stapann.

Úthlutun lóða fer fram í janúar og mun útboð vegna gatnagerðar mótast af eftirspurn en ætlað er að fyrstu lóðir verði byggingarhæfar í sumar.



Þjónustusvæði eldri borgara


Þjónustusvæði eldri borgara verður staðsett þar sem nú er knattspyrnusvæði UMFN. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri byggð á svæðinu þar sem meðal annars verður hjúkrunarheimili, félags- og þjónustumiðstöð, öryggisíbúðir, raðhús og fjölbýli fyrir eldri borgara. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagningu ljúki í vor og uppbygging svæðisins hefjist 31. mars.



Hæðahverfi / Stapahverfi

Hæða- og Stapahverfi nær frá Dalshverfi í vestri og að landamerkjum Voga. Áformað er að skipuleggja svæðið á árinu á þann hátt að fullmóta næstu svæði en rammaskipuleggja önnur ásamt því að skoða svæðið sunnan Reykjanesbrautar til akstursíþróttar og tengdrar starfsemi.

Ætla má að svæðið hýsi allt að 1200 lóðir fyrir íbúðir norðan Reykjanesbrautar ásamt þjónustu- og athafnasvæði.
Úthlutun lóða fer eftir eftirspurn en áætlað er að fyrsta úthlutun gæti orðið fljótlega.

**Þjónustusvæði við Reykjanesbraut**

Með tilkomu mislægra gatnamóta og tvöföldun Reykjanesbrautar skapast möguleiki á frekari þjónustubyggð en þegar er gert ráð fyrir.

Áætlað er að deiliskipuleggja svæðið á árinu og kanna hug fyrirtækja til aðkomu með auglýsingu.



Þjónustusvæði við Þjóðbraut / Reykjanesbraut

Með tilkomu Þjóðbrautar (Flugvallarvegur) opnast nýir möguleikar varðandi þjónustusvæði sem tengjast myndi flugþjónustu og flutninga-starfsemi. Stefnt er að því að deiliskipuleggja svæðið á árinu og kanna hug fyrirtækja til aðkomu.



Hafnargata / Ægisgata

Með frekari uppbyggingu á svæðinu er nauðsynlegt að endurskoða gildandi skipulag og útvíkka það til sjávar með tilkomu Ægisgötu. Áætlað að endurskoðun fari fram á árinu.



Aðkoma í samstarfi við aðila Hlíðarhverfi

Húsagerðin hefur sett fram tillögu að deiliskipulagi og áformar að hefja uppbyggingu á svæðinu á þessu ári.



Vatnsnes

Boðað er nýtt deiliskipulag á Vatnsnesi þar sem einkaaðilar hugsa sér blandaða byggð í anda rammaskipulags. Ætla má að fyrstu hugmyndir séu í mótun og að deiliskipulag verði til á árinu.



Samtals fela umrædd deiliskipulög auk annarra í sér 3.500 lóðir og 9.000 íbúa. Unnið er að áætlun um fjölgun íbúa næstu 14 árin og mun frekari skipulagsþörf mótast af þeirri niðurstöðu.

Enn eru sex lóðir lausar í Höfnum en tvær fóru á umliðnu ári.

Byggingareftirlit



Íbúavefur er gagnvirkur upplýsingavefur á upplýsingavef Reykjanesbæjar þar sem íbúar geta fengið allar upplýsingar um hús svo sem teikningar, byggingarsögu, íbúa, fasteigna- og brunabótamat, götur, lengd þeirra, breidd, slitlag, lagnir og legu. Loftmyndir, aðalskipulag og deiliskipulög og umferðarskipulag eru einnig í þessu kerfi.

Á þessu ári verður unnið áfram að uppbyggingu kerfisins með áherslu á umsýslu byggingafulltrúa með breyttum háttum, þannig að húseigandinn og / eða byggjandinn sjái sögu og umsýslu sinnar byggingar í kerfinu. Hugmyndin er sú að hver lóð verði sjálfstæð eining.

Það er von starfsmanna USK að íbúar, starfsmenn og stofnanir bæjarins geti nýtt sér hinar ýmsu upplýsingar sem þar eru.

10 Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál fela í sér hefðbundna þjónustuliði og verkefni tengdum þeim. Nægir að nefna rekstur almenningsvagnakerfis svo og gatnalýsingu. Stórir liðir þar sem kostnaður við gatnalýsingu hefur aukist verulega með breyttu hlutverki Hitaveitunnar.

Unnið verður áfram að umferðaröryggismálum með ýmsum hætti og hefur Reykjanesbær haft góða samvinnu við vinabæinn Trollhättan í Svíþjóð varðandi hvernig fækka má slysum með aðgerðum í umferðinni.

Stór hluti kostnaðar fellur ennfremur til við hefðbundin rekstur gatna, gangstétta, gönguleiða sem er bundinn af þeim kröfum sem gerðar eru til þjónustustigs og má þar nefna snjómokstur og hálkuvarnir, gatna-málningu og fl..

Meginaðgerð þessa árs er frekari tenging gönguleiða með ofanbyggðarstíg svo og strandstíg frá norðri til suðurs og austur með bekkjum, leiksvæðum, lýsingu og tilheyrandi.



121.880.000

98.665.000

11. Umhverfismál



Reykjanesbær mun áfram beita sér í umhverfis- og fegrunarmálum svo sem með átaki við hreinsun í samstarfi við ýmsa aðila. Áfram verður unnið að frágangi gangstétta og opinna svæða nærri stofnunum sem eru á vegum bæjarins.

Hvetja þarf fyrirtækjaeigendur til að girða, lagfæra og hreinsa lóðir sínar og benda á lausnir til förgunar úrgangs. USK mun á árinu halda hverfafundi með eigendum fyrirtækja.

Fitjarnar eru orðnar það útivistarsvæði þar sem fuglalífið fær að njóta sín og samspil náttúru, dýralífs og umhverfis virkar sem aðráttarafi á þá er í bæinn koma. Haldið verður áfram að vernda þau ræktunarsvæði sem þegar hefur verið lagður grunnur að og styðja einstaklinga og félagasamtök sem

vinna að ræktun og uppgræðslu.

Áhersla verður lögð á að fjölga ruslafötum og bekkjum við gönguleiðir í Reykjanesbæ samhliða átaki á Hafnargötu sem felst í því að halda gangstéttum hreinum og lausum við tyggjóklessur.

Bætt verður úr fagþekkingu á garðyrkjusviði með ráðningu garðyrkjufraeðings með aðsetur í Þjónustumiðstöð.

Umhverfisstefna

USK mun hafa verkefni Staðardagskrár 21 og umhverfisstefnu í forgangi og minnir á aðgengi á upplýsingavef Reykjanesbæjar.

Við minnum á aðkomu og þátttöku Reykjanesbæjar sem dæmi:

- 25. apríl ár hvert er Dagur umhverfisins.
- 1. - 5. maí er árleg vorhreinsun.
- 6. júlí verða veittar viðurkenningar fyrir fallega garða og fl.
- 31. ágúst verða veittar umhverfisviðurkenningar.
- 21. - 31. ágúst verður staðið fyrir umhverfisátaki á jaðarsvæðum í fjórða sinn sem skilað hefur óhemju af málmum og öðrum úrgangi í réttan farveg.
- 22. september ár hvert er bíllausi dagurinn sem einnig telst til umhverfismála.
- 12. - 13. október mun USK standa fyrir umhverfis- og skipulagsþingi.

31 Eignasjóður

Umhverfis- og skipulagssvið tók í notkun umsýslu- og eignavef fyrst bæjarfélaga á Íslandi sem heldur utan um beiðnakerfi, dagbókarfærslur, gögn verktaka og upplýsingaflæði hvers konar með tilkomu þjónustuborðs. Á síðasta ári var tekinn í notkun verkefnavefur sem viðbót þar sem hönnunar- og útboðsferli bætist við upplýsingaflórana og einfaldar mjög samvinnu ólíkra aðila. Nú er hægt að skoða eignir Eignasjóðs á vefnum.

Helstu verkefni, sem falla undir Eignasjóð eru viðhald mannvirkja, innanhúss en Eignarhaldsfélagið Fasteign sér um viðhald utanhúss á sínum eignum og nýbyggingar allar. Fasteignir Reykjanesbæjar reka allar leiguíbúðir Reykjanesbæjar en þær eru um 250 að tölu.

14.330.000

Nýjar götur og hverfi eru hluti Eignasjóðs og á þessu ári eru stærstu liðirnir eftirfarandi:

Ásahverfi, Dalshverfi I, Dalshverfi II, Tjarnahverfi, Hæðahverfi og Þjóðbraut í samstarfi við Vegagerðina. Auk þess er áætlað að útrýma malarvegum bæjarins með slitlagi.

33 Þjónustumiðstöð / þjónustuborð / hverfisvinir

51.417.000

Þjónustumiðstöðin sér um almennt viðhald á götum, gangstéttum, göngustígum, holræsum, umferðarmerkjum og umferðarljósum í bæjarfélaginu.

Einnig hefur Þjónustumiðstöðin umsjón með snjómokstri og hálkueyðingu á götum, bifreiðastæðum í eigu bæjarins, gangstéttum og göngustígum. Á hennar sviði eru almenningsgarðar, opin svæði, jólaskeytingar og aðrar framkvæmdir við opinber hátíðarhöld.

Þjónustumiðstöðin þjónar stofnunum bæjarins. Á seinni árum hafa þjónustuútboð s.s. gatnahreinsun, gatnamálning, umhirða opinna svæða o.fl. færst í vöxt og hlutverk þjónustumiðstöðvar breyst í þá veru að hafa eftirlit með þjónustunni og gæta þess að háu þjónustustigi sé viðhaldið þar sem hverfisvinir eru á ferðinni um sín svæði.

Þjónustumiðstöðin er nú til húsa að Fitjum 1, þar sem umsýslukerfi gatna og umhverfis heldur utan um þjónustu og verkbeiðnir og eftirlit með rekstrarþáttum.



73 Fráveita

-85.048.000

Fyrsta áfanga í hreinsun strandlengjunnar lauk fyrir fjórum árum með ræingu skólphreinsistöðvar á Fitjum, en stöðin þjónar auk svæðis Varnarliðsins,

Njarðvíkurhluta bæjarins ásamt þeim nýbyggingarsvæðum sem eru í mótun.

Frá þeim tíma hefur verið unnið að gerð nýrrar framkvæmda-áætlunar fyrir Keflavíkurhlutann og Helguvík til að einfalda hreinsunarþætti og beita þeim nýjustu lausnum sem þekkjast í heiminum. Þessari vinnu lauk á fyrra ári þar sem niðurstaðan er "minni hreinsistöð neðan pósthúss við Keflavíkurhöfn" sem yrði viðtaki eystra svæðis Keflavíkurhluta og önnur minni stöð neðan Ægisdötu í fyllingu sem yrði viðtaki vestra svæðis ásamt Helguvík.

Ásamt þessu hefur verið unnið að sameiningu útrása í þessa veru og verður henni haldið áfram. Ljóst er að þessar nýju leiðir eru verulega hagkvæmari en áður var ætlað og áður hefur þekkst.

Samkvæmt stefnumótun er reiknað með ræingu hreinsistöðva árið 2007 og lýkur þar með þessu viðamikla verkefni sem skipar Reykjanesbæ framarlega í flokki í verkefnum Staðardagskrár 21.

Framkvæmdaþing

Framkvæmdaþing verður haldið 9. mars 2006 með þátttöku helstu framkvæmdaaðila á svæðinu, þar sem farið verður yfir verkefni ársins. Þingið er ætlað sem vettvangur sem flestra verkataka til að koma áformum sínum á framfæri og ennfremur til að samræma aðgerðir eins og þörf þykir.

Helstu framkvæmdir 2006

	Gatnagerðargjöld í nýjum hverfum	-950.000
	Malbik, gata, bílastæði, aðkomur og breyting hringtorg	50.000
208	Ægisgata	
15	Hafnarbakki	5.000
3	Bolafótur	5.000
	Nýlögn/yfirlögn, kantsteinar, eyjur og frágangur	2.000
214	Bryggjuvegur	
140	Ásahverfi	150.000
700	Dalshverfi	400.000
600	Tjarnahverfi	105.000
900	Hæðahverfi	60.000
302	Afreksbraut	50.000
156	Hringbraut	25.000
	Nýjar götur (samstarf við Vegagerðina)	256.000
60	Þjóðbraut	
	Plöntun trjáa og frágangur við umferðaræðar	15.000
	Hraðahindrandi aðgerðir og hringtorg	20.000
	Samtals	193.000

Allar tölur í þúsundum

